

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS, BÚÐARDALUR, DALABYGGÐ

<b>Dagsetning</b>	29.6.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún
<b>Fyrirtæki</b>	Dalabyggð	Guðmundsdóttir	
<b>Heimilisfang</b>	Miðbraut 11, Búðardal	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	9.7.2012
<b>Kennitala</b>	510694-2019	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Isat nr.</b>	38.21.0	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Viðar Ólafsson
<b>Starfsemi</b>	Urðun óvirks úrgangs og geymsla ákv. úrgangsflokka	<b>Staðsetning starfstöðvar,(hnit)</b>	65° 7,015'N, 21° 45,439'W

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Urðunarstaðurinn var snyrtilegur og urðunarframkvæmdir í lagi við skoðun. Gerð er ein athugasemd og eitt frávik staðfest. Frávikid varðar það að Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar bráðamengunar, í samræmi við ákv. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Athugasemd er gerð við að niðurstöður mælinga samkv. starfsleyfi hafa ekki borist Umhverfisstofnun. Farið er fram á mælingar nú. Endurnýja þarf starfsleyfi á næsta ári og er vakin athygli á að endurskoðun þess tekur nokkurn tíma.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs, er varða meðhöndlun úrgangs, skráningar og skyldur rekstraraðila er varða hættu á bráðamengun hafs og stranda. Geymslu- og urðunarstaður var skoðaður með Viðari Ólafssyni umsjónarmanni staðarins.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun.

**Frávik frá:** 18. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, en samkvæmt henni ber rekstraraðila að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni, sem og viðbragðsáætlun. Eins ber rekstraraðila að taka ábyrgðartryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. 16. gr. fyrrgreindra laga.

### Athugasemd 1

Samkvæmt ákv.4.3 í starfsleyfi skal mæla tilgreind efni og eðlisþætti í vatnssýnum frá urðunarstað einu sinni á ári eða eftir þörfum. Ekki fundust niðurstöður slíkra mælinga af staðnum í gagnasöfnum Umhverfisstofnunar. Nauðsynlegt er að gera þessar mælingar nú og skal rekstraraðili snúa sér til fagaðila um framkvæmd mælinganna.

### Önnur atriði:

Samráðsfundur hefur verið haldinn vegna endurnýjunar starfsleyfis, en gildistími starfsleyfis endar þann 9.7.2012. Vakin er athygli á að endurnýjun starfsleyfis tekur nokkurn tíma og er heppilegt að hefja vinnslu þess áður en langt um líður.

Reykjavík, 7.9.2011

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.